

## PMTO námskeið fyrir foreldra 4 – 12 ára barna vor 2022

PMTO (Parent Management Training) Foreldrafærninámskeið verður haldið í Garðabæ á **miðvikudögum kl. 16:30 – 18.30** vorið 2022.

**Námskeiðið hefst 23.febrúar til 4 maí, (páskahlé 13 og 20 apríl)**

Þátttökugjald er **kr. 15.000** fyrir fjölskyldu. Innifalin eru námskeiðsgögn og veitingar.

Gert er ráð fyrir að báðir foreldrar komi á námskeiðið. Lágmarkspátttaka þarf að vera sjö fjölskyldur, svo námskeiðið verði haldið. Verði þátttaka yfir tíu fjölskyldur verður gerður biðlisti.

PMTO stendur fyrir *Parent Management Training – Oregon* aðferð, er sannprófað meðferðarprógramm ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Úrræðið hentar foreldrum barna á leik -og grunnskólaaldri. Rannsóknir hafa leitt í ljós að PMTO dregur úr hegðunarerfiðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi.

Lögð er áhersla á vinnu með verkfærum PMTO og sveigjanleika til að mæta þörfum hvers fjölskyldu. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðari hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Foreldrar vinna heima á milli tíma.

Á námskeiðinu er m.a. farið í eftirfarandi þætti;

- Nota skýr fyrirmæli
- Hvetja börn til jákvæðrar hegðunar
- Setja mörk
- Efla virk samskipti innan fjölskyldu
- Vinna með tilfinningar og samskipti
- Hafa markvisst eftirlit
- Leysa ágreining

### Upplýsingar og skráning :

Skráning fer fram í gegnum „þjónustusiðu Garðabæjar“ á eyðublaði **05 innan félagsþjónusta, merkt PMTO foreldrafærni.**

**Úmsóknarfrestur er til og með 14 .febrúar 2022**

**Svar um pláss á námskeiði verða send 16-18 febrúar.**

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða Berglind B. Sveinbjörnsdóttir uppeldisfræðingur Fjölskyldusvið Garðabæjar og Margrét H. Þórarinsdóttir sérkennslufulltrúi og PMTO meðferðaraðili Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar. Hægt er að hafa samband við námskeiðshalda fyrir frekari upplýsinga í sími 525-8500

